

Fundur í svæðisráði suður, kl 12:00 mánudag 23. febrúar 2015 í fundarsal Ráðhússins á Höfn.

Mættir í Ráðhúsi: Reynir Arnarson, Sigurlaug Gissurardóttir og Björn Ingi Jónsson: Karl Ingólfsson og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð voru í síma frá skrifstofu VJB í Reykjavík. Hildur Þórsdóttir og Guðrún Ingimundardóttir voru veðurteptar og komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Breytingar á Stjórnunar og verndaráætlun
2. Erindi frá Jöklavögnum ehf.

Breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Vegna endurskoðunar á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs endurskoðuðu starfsmenn þau ákvæði sem snúa að suðursvæði þjóðgarðsins og voru þær tillögur til umfjöllunar. Tillögurnar voru sendar svæðisráðsmönnum til yfirlestrar og athugasemda 11. febrúar sl. og beðið um athugasemdir við þær fyrir fundinn. Farið var yfir þær athugasemdir sem bárust á fundinum og fylgir samþykkt tillaga svæðisráðs að breytingum með fundargerðinni, í viðauka 1.

Erindi frá Jöklavögnum ehf.

Efni bréfs: Ósk um að staðsetja færanlegt sælkerældhús í Vatnajökulsþjóðgarði í Skaftafelli. Fundarmenn voru sammála um að um metnaðarfullt verkefni væri að ræða þar sem áhersla er lögð á nýtingu afurða úr heimabyggð og sjálfbærni og umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi.

Karl bendir á nauðsynlegt sé að þjóðgarðurinn setji upp verðskrá vegna aðstöðu innan þjóðgarðsins.

Reynir bendir á að nánari útfærsla á starfseminni, t.d. hvort sótt verði um að eldhúsið verði staðsett í Skaftafelli allt sumarið eða hvort gert sé ráð fyrir að það flytji sig á milli staða eftir veðri t.d. verði að liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun er tekin. Einnig þurfi stjórnin að huga að því hvort skylt væri að setja slíka starfsemi í útboð.

Sigurlaug spyr hvort ekki sé rétt að gefa tímabundið leyfi til eins ár fyrst í stað.

Svæðisráð mælir með því að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs gefi leyfi fyrir starfseminni til eins árs til að byrja með. Nánari útfærsla og samningagerð vegna aðstöðu verði á hendi framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar.

Önnur mál voru ekki á dagskrá og fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:50

Viðauki 1.

Tillögur að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun.

Kafli 9.1.4. Innan suðursvæðis (bls 74 - 78 í prentútgáfu en 79 - 83 í netútgáfu)

Stuðlaberg á Heinabergssvæði:

Skilmálar:

Er: Umferð fólks um stuðlana er óheimil og skal það gefið skýrt til kynna þar sem stuðlaberg er að finna.

Verði: Umferð um stuðlana skal stýrt með markvissum aðgerðum til að vernda viðkvæmar jarðmyndanir og gróður. Tilgangur stýringarinnar skal skýrður fyrir ferðamönnum á upplýsingaskiltum.

Búsetulandslag í Skaftafelli og Heinabergi:

Skilmálar:

Er: Rafstöðinni í Skaftafelli skal haldið við, gömul tún við Selbæinn beitt eða slegin og trjágróður fjarlægður úr grjóthleðslum.

Verði: Rafstöðvarhúsinu í Skaftafelli skal haldið við, gömul tún við Sel, Hæðir og Bölta beitt eða slegin og trjágróður fjarlægður úr grjóthleðslum í Gömlutúnum, Oddaskeri og vestan við Magnúsarfoss.

Svartifoss í Skaftafelli

Skilmálar:

Er: Gangandi umferð er einungis heimil á göngustígum og á fyrirhuguðum útsýnispöllum en óheimil í brekkunum við fossinn. Framkvæmdir við fossinn skulu vera að fullu afturkræfar.

Leitast skal við að halda sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar í lágmarki en leggja áherslu á að varðveita núverandi ásýnd svæðisins.

Verði: Gangandi umferð er einungis heimil á göngustígum og á útsýnispöllum. Framkvæmdir við fossinn skulu vera að fullu afturkræfar.

Leitast skal við að halda sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar í lágmarki en leggja áherslu á að varðveita náttúrulega ásýnd svæðisins.

Lambhagi í Skaftafelli:

Skilmálar:

Er: Stýra skal umferð ferðamanna um Lambhagann, meðal annars með góðum upplýsingum og skýrum merkingum svo að hún hafi sem minnst áhrif á gróðurfar og menningarminjar. Ösp skal fjarlægð.

Verði: Stýra skal umferð ferðamanna um Lambhagann, meðal annars með góðum upplýsingum og skýrum merkingum svo að hún hafi sem minnst áhrif á gróðurfar og menningarminjar. Komið verði í veg fyrir útbreiðslu aspar með því að uppræta nýgræðinga og rótarskot en fella öspina ef önnur úrræði duga ekki. Trjágróður verði fjarlægður úr grjóthleðslunni.

Verndun náttúrulegs gróðurfars í Morsárdal:

Skilmálar:

Er: Ekki skal beitt fé í Morsárdal nema undir markvissri stjórnun í þeim tilgangi að eyða lúpínu. Heimilt er að girða fyrir dalsmynnið ef þörf krefur til að tryggja beitarfriðun.

Verði: Fyrir kemur að fé sem beitt er á Skeiðarársandi rati inn í Morsárdal. Heimilt er að girða fyrir dalsmynnið ef þörf er talin á, til að tryggja beitarfriðun. Samkvæmt reglugerð 583/2000 er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum. Leitað verði eftir samstarfi við Landgræðslu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands um mótun aðgerðaáætlunar til að hefta frekari útbreiðslu lúpínu í Morsárdal og uppræta hana.

Heitulækir:

Skilmálar:

Er: Þjóðgarðsverði er heimilt að loka fyrir aðgang að þeim hlutum svæðisins sem viðkvæmastir eru ef tilefni er til.

Verði: Gerðar verði ráðstafanir til að lagfæra stíginn upp að Heitulækjum með sem minnstum sjánlegum ummerkjum. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tímabundið fyrir aðgang að lækjunum ef tilefni er til.

Kafli 9.3. samgöngur

Í töflu um Tengivegi: (bls 85 í prentútgáfu, bls 90 í netútgáfu)

998 Skaftafellsvegur: Flokkur T (Vantar að setja T í dálkinn Flokk)

Er: Skilmálar: Legu vegarins verði breytt lítilsháttar til að bæta aðkomu að þjónustumiðstöð.

Verði: Skilmálar: Legu vegarins verði breytt lítilsháttar til að bæta aðkomu að þjónustumiðstöð. Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta.

Tafla – Aðrir vegir (Eftirfarandi vegir eru taldir upp á bls 88 – 89 í prentútgáfu, bls. 94 í netútgáfu)

Vegur að Hoffellsjökli:

Er: Skilmálar: (Að litlu leyti innan þjóðgarðs). Bílastæði og skilti við enda vegarins.

Verði: Skilmálar: (Að litlu leyti innan þjóðgarðs). Vegurinn verði fær allri almennri umferð að sumarlagi. Bílastæði við enda vegarins.

Vegur að Heinabergsfelli:

Er: engir skilmálar

Verði: Skilmálar: Vegurinn verði fær allri almennri umferð að sumarlagi. Bílastæði við enda vegarins.

Vegur að Bólstað um Heina:

Er: Skilmálar: Vegurinn verði fær öllum bílum.

Verði: Skilmálar: Vegurinn verði fær allri almennri umferð að sumarlagi. Bílastæði við enda vegarins.

Vegur að Hafrafelli / Svínafellsjökli:

Er: Vegurinn verði fær öllum bílum og haldið við í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina. Lítil hluti vegarins er innan þjóðgarðsmarka.

Verði: Skilmálar: (Að litlu leyti innan þjóðgarðs) Vegurinn verði fær öllum bílum.

Vegur upp Skaftafellsbrekkur að Hæðum og Bölta (vegir 9896 og 9897) (viðbót):

Er: Skilmálar: Vegurinn er lokaður fyrir almennri umferð frá 1. júní til 30. september.

Flokkur: F1

Verði: Skilmálar: Vegurinn er lokaður fyrir almennri umferð frá 1. júní til 30. september

Flokkur: H

Vegur að Gígjukvísl:

Er: Vegurinn verði fær öllum bílum og haldið við í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina.

Verði: Vegurinn verði fær allri almennri umferð að sumarlagi. Bílastæði við enda vegarins.

Vegur að Háöldu á Skeiðarársandi:

Er: Vegurinn verði fær öllum bílum og haldið við í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina.

Verði: Vegurinn verði fær allri almennri umferð að sumarlagi. Bílastæði við enda vegarins.

Nýtt:

Vegur með gamla farvegi Sæluhússvatns áleiðis að jökli:

Skilmálar: Ekkert viðhald. Leiðin komi ekki fram á kortum og verði ekki merkt við þjóðveg. **Flokkur** F1

Vegur frá varnargarði vestan Skeiðarárbrúar áleiðis að jökli:

Skilmálar: Leiðin verði stikuð og lagfærð til samræmis við flokk F1. **Flokkur:** F1

Eftirtaldir vegir eru fyrirhugaðir: (bls 91 í prentútgáfu, bls. 96 í netútgáfu)

Taka út: Vegur að austanverðum Skeiðarárjökli. , hann er kominn inn hér að ofan sem: Vegur frá varnargarði vestan Skeiðarárbrúar áleiðis að jökli.

Bls. (95 í prentútgáfu, 101 í netútgáfu)

Gert er ráð fyrir göngubrú eða kláfi á eftirtöldum svæðum....

Á suðursvæði:

Taka út eftirfarandi setningar:

Í Hjallanesi yfir Kolgrímu (kemur í vor)

Við vestanverðan Fláajökul, yfir Hólmsá. (Brúin er komin, er reyndar utan þjóðgarðs)

Bæta við eftirfarandi brú.

Við vestanverðan Fláajökul yfir á sem kemur undan jökli vestan við Jökulfell og rennur svo í Hólmsá.

9.4.4 Innan suðursvæðis. Bls. (113 í prentútgáfu, 119 í netútgáfu)

Skaftafell

Forsendur:

Helsta þjónustusvæði á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs er í Skaftafelli. Þar er gestastofa, Skaftafellsstofa, stórt ~~tjaldstæði~~ ~~tjaldsvæði~~ með margvíslegri þjónustu og þjónustubyggingum svo og starfsmannabústöðum. Merktar gönguleiðir við allra hæfi eru á svæðinu og landverðir bjóða upp á ~~skipulagðar gönguferðir~~ ~~skipulagða dagskrá yfir sumartímann~~ ~~og ýmsa fræðslu~~. Fræðslu- og upplýsingaskilti eru víða í Skaftafelli. Fjölmargir ferðamenn heimsækja Skaftafell árið um kring.

Athuga ber að þessi lýsing þjónustusvæðisins á við um þjónustumiðstöðina ásamt því svæði sem næst henni er, þ.m.t. það svæði sem stuttar gönguleiðir út frá þjónustumiðstöðinni ná yfir.

Markmið:

Er: Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum þjóðgarðsins þar sem getur rúmast fjölbreytt þjónusta við gesti þjóðgarðsins, m.a. á vegum einkafyrirtækja.

Verði: Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum þjóðgarðsins þar sem gestir geta upplifað náttúru þjóðgarðsins og notið útivistar, fræðslu og friðsældar. Sérstaklega skal huga að því að hafa staðinn aðlaðandi fyrir yngstu kynslóðina.

Skilmálar:

Er: Við endurnýjun deiliskipulags skal gert ráð fyrir stækkun þjónustusvæðisins og tjaldsvæða vegna vaxandi fjölda ferðamanna, fjölbreyttri þjónustu við gesti þjóðgarðsins og byggingu húsnæðis fyrir sumarstarfsmenn þjóðgarðsins.

Verði: Uppfæra þarf deiliskipulag þannig að þjónustusvæðið geti tekið á móti þeim fjölda gesta sem kemur á svæðið. Dregið verði úr bílaumferð næst þjónustusvæðinu og á tjaldsvæði og áhersla lögð á aðlaðandi og öruggt umhverfi framan við byggingar. Gera skal ráð fyrir þeirri þjónustu sem er gestum þjóðgarðsins nauðsynleg og samræmist markmiðum hans. Aðbúnaður starfsfólks verði til fyrirmyndar. Útbúa þarf leiksvæði fyrir börn sem stenst allar öryggiskröfur og hefur tengingu við útivistarafþreyingu.

Bls. (114 í prentútgáfu, 120-121 í netútgáfu)

Höfn (utan þjóðgarðs)

Forsendur:

Er: Ráðgjafarnefnd umhverfisráðuneytisins gerir ráð fyrir byggingu nýrrar gestastofu á hverju rekstarsvæði þjóðgarðsins. Höfn er eini þéttbýlisstaðurinn á suðursvæði þjóðgarðsins og útvörður þess í austri. Langt er til næstu stóru þéttbýliskjarna. Á Höfn er alhliða þjónusta við ferðamenn og gestafjöldi nemur hundruðum þúsunda. Þar er nauðsynlegt að gera þjóðgarðinn sýnilegan og þaðan er stutt að fara á Hoffells- og Heinabergssvæðin en einnig til friðlandsins á Lónsöræfum sem er í umsjón þjóðgarðsins.

Verði: Höfn er eini þéttbýlisstaðurinn á suðursvæði þjóðgarðsins og útvörður þess í austri. Langt er til næstu stóru þéttbýliskjarna. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs er í Gömlubúð á Höfn. Þar er sýning á vegum þjóðgarðsins, upplýsingagjöf og minjagripaverslun. Á Höfn er alhliða þjónusta við ferðamenn og nálægð gestastofunnar við þá þjónustu getur bæði eflt þau fyrirtæki sem þar starfa og gefið kynningarstarfsemi þjóðgarðsins meira vægi. Starfsstöðin á Höfn er í nálægð við svæðin innan þjóðgarðs við Hoffell og á Heinabergi auk friðlandsins á Lónsöræfum sem er í umsjón þjóðgarðsins.

Markmið:

Var: Að vera með upplýsingagjöf á vegum þjóðgarðsins allt árið. Að koma upp gestastofu á Höfn með upplýsingum og fræðslu um jökla og sérstöðu svæðisins og gera upplýsingar um þjóðgarðinn aðgengilegar ferðamönnum á þéttbýliskjarna svæðisins.

Verði: Að á Höfn verði fjölsótt gestastofa sem verði opin allt árið. Þar verði unnið að kynningu á þjóðgarðinum í samstarfi við aðra aðila. Unnið verði að því að efla samstarf við rannsóknarstofnanir, skóla og aðra aðila á svæðinu.

Hoffell

Forsendur:

Hluti af fjalllendinu austan við Hoffellsjökul er innan þjóðgarðsins. Framan við jökulinn hefur myndast djúpt lón eftir að jökullinn fór að hörfa og er það vinsæll viðkomustaður ferðamanna. [Par eru upplýsinga- og fræðsluskilti, m.a. vegna hættu á svæðinu.](#) Krefjandi gönguleiðir eru um hrikaleg gil og tignarleg fjöll. [Hluti þeirra hefur verið stíkaður af landvörðum og sjálfbóaliðum á vegum þjóðgarðsins.](#) Skóglendi er við Hoffellsjökul og þar eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda.

Markmið:

Helsti áningarstaður á Hoffellssvæði verði við lónið fyrir framan Hoffellsjökul. [Par verði bílastæði og salernisaðstaða. Bæta þarf aðgengi að svæðinu í samræmi við samning umhverfisráðuneytisins við landeigendur. en einnig er mikilvægt að koma upp upplýsinga- og fræðsluskiltum, ekki síst viðvörunum vegna hættu á svæðinu.](#) Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu göngustíga og uppsetningu

fræðsluskilta í samstarfi við landeigendur, meðal annars með göngubrú yfir Efstafellsgil. [Leitað verði samstarfs um upplýsingagjöf fyrir svæðið með þjónustusamningi við landeigendur.](#)

Skilmálar:

Deiliskipulag [verði unnið í samráði við landeigendur og geri ráð fyrir áningarstöðum, bílastæðum, salernisaðstöðu, staðsetningu upplýsinga- og fræðsluskilta, gönguskála undir Gjánúpi auk helstu göngu- og reiðhjólaleiða innan svæðisins og tenginga þeirra út fyrir svæðið. Niðurstöður stýrihóps vegna uppbyggingar á Hoffellssvæðinu, frá árinu 2009 verði hafðar til hliðsjónar.](#)

[Landeigendur hyggja á byggingu-Miðstöð-miðstöðvar](#) ferðapjónustu við enda vegar upp úr Hoffellsdal. Miðstöðin verði tengd við núverandi veg inn dalinn, verði hann framlengdur að þjóðgarðsmörkum, enda liggi fyrir samþykkt sveitarstjórnar og umsögn Umhverfisstofnunar til að framlengja núverandi veg landeigenda úr Hoffellsdal þangað.

[Gert er ráð fyrir því að þessar framkvæmdir séu á vegum landeigenda.](#)

tilgreini eftirfarandi meginatriði:

- ~~Áningarstað við lónið neðan öldunnar, með bílastæði og salernisaðstöðu.~~
- ~~Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir innan svæðisins og tengingar út fyrir það.~~
- ~~Gönguskála undir Gjánúpi.~~
- ~~Staðsetningu helstu upplýsinga- og fræðsluskilta.~~

[Gert er ráð fyrir því að ofangreindir skálar séu á vegum landeigenda.](#)

Heinabergssvæðið frá Skálafellsjökli að Fláajökli

Forsendur:

Svæðið er mótað af jöklum og jökulvötnum sem hafa flæmst um landið og einnig haft mikil áhrif á búsetu fólks á þessu svæði. Sambúð manna og jökla hefur óvíða verið nánari en hér og áhugavert að miðla upplýsingum um svæðið til ferðamanna.

Markmið:

Að byggja upp vel skipulagt útivistarsvæði á Heinabergssvæðinu með áningarstöðum, salernisaðstöðu, fræðslu og fjölbreyttum gönguleiðum.

[Uppbygging lengri gönguleiða og tenging við önnur svæði, til dæmis Hjallanes, Fláajökul, Miðfell og Jökulfell. Gera þarf göngubrú yfir Hólmsá.](#)

Skilmálar:

Deiliskipulag [tilgreini eftirfarandi meginatriði fyrir allt svæðið: geri ráð fyrir tveimur aðkomuleiðum, annarsvegar austan Kolgrímu og hinsvegar vestan Hólmsár, gönguskálum, bílastæðum, salernisaðstöðu, áningarstöðum, upplýsingaskiltum ásamt helstu göngu- og reiðhjólástígum, reiðleiðum og tengingum þeirra út fyrir svæðið. Niðurstöður stýrihóps vegna uppbyggingar á Heinabergssvæðinu frá árinu 2009 verði hafðar til hliðsjónar.](#)

- ~~Aðkomu eftir tveimur leiðum, austan Kolgrímu og vestan Hólmsár, sem mætast við Heinabergsnes, þannig að fólksbílafær hringleið myndist.~~
- ~~Gönguskála við Jökulfell~~
- ~~Gönguskála í Heinabergsfjöllum~~
- ~~Fræðsluskilti og salernisaðstöðu við Heinabergslón.~~
- ~~Áningarstað við gömlu bæjarrústirnar í Heinabergi.~~
- ~~Bílastæði og upplýsingaskilti við Heina og Bólstað.~~
- ~~Tengingar við gönguleiðir út fyrir svæðið.~~
- ~~Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir og reiðleiðir innan svæðisins.~~
- ~~Staðsetningu helstu upplýsinga- og fræðsluskilta.~~

Hjallanes

Forsendur:

Hjallanes er í landi Skálafells í Suðursveit. Áin Kolgríma rennur sunnan við Hjallanes. Merktar gönguleiðir eru á Hjallanesi og upplýsingaskilti með textum úr þjóðsögum og upplýsingum um sögulegar minjar. Hjallanes liggur að Skálafellsjökli og má víða sjá hvernig jökullinn hefur sorfið landslagið og skilið eftir jökulgarða og aðrar jökulminjar.

Markmið:

Frekari uppbygging göngustíga, merkinga og fræðsluskilta um jarðfræði svæðisins haldi áfram í samstarfi landeigenda og þjóðgarðsins. [Leitað verði samstarfs um upplýsingagjöf fyrir svæðið með þjónustusamningi við landeigendur. Að tengja Hjallanes við Heinabergssvæðið með göngubrú yfir Kolgrímu.](#)

Skilmálar:

Deiliskipulag [verði unnið í samráði við landeigendur og](#) tilgreini fyrirkomulag og tengingar ferðaleiða innan svæðisins og við Heinabergssvæðið auk staðsetningar upplýsinga- og fræðsluskilta á vegum þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir salernisaðstöðu og bílastæði [á vegum landeigenda](#) við upphaf gönguleiðar.

Önnur þjónustusvæði og -einingar

Upplýsingatorg eða –hlið verði á eftirtöldum stöðum við Þjóðveg nr.1, hringveg.

• ~~Við brúarbita á Skeiðarársandi.~~

• ~~Við Jökulsárlón.~~

• Við upphaf vegarins inn á Heinabergssvæðið vestan megin til að byrja með og einnig austan megin þegar sá vegur verður opnaður.

• Við Hoffellsafleggjarann.

• ~~Við afleggjarann að Höfn.~~

• ~~Á Höfn við upplýsingastöð/Jöklasýningu.~~

• ~~Í Lóni.~~

• Við Skálafell.

Neðst á bls 117 í prentútgáfu, bls.124 í netútgáfu:

Er: Utan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi þjóðgarðs og einkaaðila um eftirfarandi þjónustu á eftirtöldum stöðum:

• ~~Skálafell, um upplýsingagjöf og eftirlit með Hjallanesi og Heinabergssvæði.~~

• ~~Hólmur, upplýsingagjöf og eftirlit við Fláajökul og á Heinabergssvæðinu.~~

• ~~Hoffell og/eða Miðfell um upplýsingagjöf og eftirlit.~~

• ~~Lón, upplýsingagjöf.~~

Verði: Gert er ráð fyrir samstarfi þjóðgarðs og eigenda lands innan þjóðgarðsins um ýmsa staðbundna þjónustu sem uppfyllir þarfir þjóðgarðsins og gesta hans og hagkvæmt þykir að sinnt sé á staðnum.

Nýtt:

Einnig er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn geti gert samninga við einkaaðila um að sinna ákveðinni þjónustu fyrir þjóðgarðinn ef það er talið bæta þjónustu og upplifun gesta hans.